

## Rök fyrir að hætta a.m.k. tímabundið gjaldtöku til TIF

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta sem nú er um 38 milljarðar er þegar allt of stór: Það er m.a. vegna þess að hvergi á Vesturlöndum er hlutfall kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja sem ekki eru viðfangsefni tryggingarsjóðs, lendi þau í erfiðleikum, jafn hátt og á Íslandi (95% bankakerfis). Því er rætt um að flytja hluta sjóðsins í nýjan skilasjóð (sbr greinargerð með frumvarpi), verulegir lagalegir annmarkar virðast þó á slíkri framkvæmd. Sú umræða er eigi að síður staðfesting á að sjóðurinn sé stærri en þörf er á. Þá verður einnig að horfa til þess að veruleg árlegur kostnaður er af hverjum milljarði sem viðhaldið er sem hlutfalli af stærð sjóðsins (66 milljónir virðist kosta árlega að viðhalda hverjum milljarði samkvæmt mati ráðuneytis), sjá fylgiskjöl.

Ætla má að innheimta iðgjalda til TIF fyrsta árfjórðung 2019 (gjaldið svarar til um 0,11% ársiðgjalda af tryggðum innstæðum miðað við 100.000 evru viðmið) auk vaxta ársins nægi til að viðhalda hlutfallslegri stærð út árið 2019 miðað við tryggðar innstæður 2019: Við 3% ávöxtun eigna sjóðsins eftir fjármagnstekjuskatt (var 3,5% árið 2018) verða heildartekjur ársins um 2.050 milljónir sem svarar til 5,4% vaxtar tryggða innstæðna (vöxtur var 5,3% milli meðalgreiðslugrunnar árána 2017 og 2018). Gerðar verða lagabreytingar á árinu 2020 v. innleiðingar BRRD. Þá verða m.a. gerðar breytingar á innheimtu iðgjalda. Rétt er að geta þess að á árinu 2018 jukust eignir TIF um tvo til þrjú milljarða umfram hlutfallslegan vöxt innstæðna (mismunur felst í mismunandi reikniaðferðum) og er því verulegt borð fyrir báru sé horft til þess álits stjórnar TIF að sjóðurinn hafi náð hæfilegri stærð í árslok 2017.

Lagaleg óvissa um lögmæti frekari innheimtu iðgjalda til TIF skapaðist á vormánuðum 2018 þegar fyrir lá það álit stjórnar TIF að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta væri langt yfir lágmarksstærð og nægilega stór að mati stjórnarinnar og ráðgjafarfyrirtækisins ALM. Fróðlegt er að líta til framkvæmdar norskra laga um sama efni sem sett voru á svipuðum tíma og íslensku lögin (98/1999) og í báðum lögum byggð á Evróputilskipan um þetta efni (direktív 1994/19/EF). Á grundvelli norsku laganna var innheimta til tryggingarsjóðsins takmörkuð eftir að lágmarkskröfum var náð þar til lögum var breytt. (Eftir lovreglene som gjaldt før 2013, bortfalt årsavgiften helt eller delvis når minstekravet til fondets størrelse i loven § 19-5 var oppfylt, se Prop. 11 L (2012–2013). I figur 10.3 vises beregnet avgift som skravert for år hvor det ikke ble innbetalt avgift (2011 og 2012), eller år hvor bare en andel av avgiften ble innbetalt (en tredel i 2008).

Danir hafa hætt gjaldtöku til innstæðutryggingarsjóðs þrátt fyrir að sjóður þeirra sé aðeins um 1,3% af tryggðum innstæðum eða hlutfallslega tæplega þriðjungur af stærð íslenska sjóðsins. Danir standa eins og Íslendingar utan myntbandalags EU.

Sé innheimtu til tryggingarsjóðs hætt virðist árlegur sparnaður í rekstri TIF geta verið milli 50 og 100 mkr. Verulegur sparnaður verður einnig hjá fjármálafyrirtækjum og Fjármálaeftirliti vegna skýrsluskila og utanumhalds um innheimtu.

Á árinu 2012 var ákveðin tímabundið (*háð mati stjórnar TIF*) mjög há gjaldtaka til nýs tryggingarsjóðs, ætluð til hraðrar uppbyggingar þess sjóðs. Gert var ráð fyrir að fyrri sjóður færi í bætur vegna hrunsins. Svo fór ekki og stóðu eftir 5,4 milljarðar eftir að málaferlum og uppgjöri lauk. Eldri tryggingarsjóður þurfti því að greiða 20 milljarða vegna stærsta bankaáfalls síðustu 50 ára með ofvaxið íslenskt bankakerfi. Til samanburðar er eigið fé TIF nú um 38 milljarðar. Þessi niðurstaða segir meira en mörg orð um raunverulega þörf fyrir frekari innheimtu til sjóðsins.

Mikil þörf er fyrir lækkun vaxta sem eru hærrí hér en í nágrennalöndunum. Þessi þörf er enn brýnni vegna nýlegra áfalla í atvinnulífi og fyrirheita um vaxtalækkar í tengslum við kjarasamninga.

Það hlýtur að falla undir opinbera stjórnarsýslu að leggja með sérlögum gjöld á fjármálafyrirtæki, enda má leiða líkur að því að fólk og fyrirtæki í landinu séu endanlegir greiðendur gjaldanna. Því gildir um slíka álagningu meðalhófsregla stjórnarsýslulaga en þar segir: „**12. gr. Meðalhófsreglan.**

*Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til“.*

Augljóst virðist að markmið laga nr. 98/1999 er náð fyrir nokkru og tryggingarsjóður nú offjármagnaður. **Því samrýmist ákvörðun um frekari gjaldtöku til sjóðsins ekki meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga.**

29 04 19 AT

Fylgiskjöl:

TIF innstæðudeild A, samantekt

Hvað kostar að viðhalda hlutfallslegri stærð TIF

**Tryggingarsjóður, innstæður. A, samantekt gagna síðustu ára**

	Staða í árslok	Innstæðudeild A, þróun		Tryggðar innstæður, þr		
		Aukning f.f.a.	Aukning f.f.a. %	Aukn.umfr. tr.innst.mkr	Grunniðgj mkr	Tr innst milljarðar
2013	10828055				2348	1044
2014	14606094	3778039	34,9	3285	2455	1091
2015	18631460	4025366	27,6	3424	2556	1136
2016	23305533	4674073	24,1	3705	2689	1195
Með B deild 2016	28696103					
2017	33332940	4636837	16,2	2107	2926	1300
2018	38001986	4669046	14	2902	3082	1370
Aukn.án B 2013 - 2018		21783361	101%			31

**15423**

Aukning á ári

**3085**

Nýttar eru upplýsingar úr ársreikningum TIF svo langt sem þær ná

Gengi evru/ikr

30.12.2016	118,8
30.12.2017	124,7
30.12.2018	132,86

Kostnaður við að viðhalda hlutfallslegri stærð er reiknaður út frá tryggðum innstæðum

Óun Aukning f.f.a. %	Heildar- iðgjöld mkr	Tr innst v100.000e mkr	Aukning f.f.a. %	Vaxtat mkr	V gengi ev 31.12.2016 118,8	Kostn. v.viðh. mkr alls	hlutf. ób mkr á milljarð	
4,6	3150	643915		860		725	67	
4,1	3261	672274	4,4	1003		840	58	
5,2	3227	705219	4,9	1713	705219	1235	66	
8,9	3370	784757	11,3	1749	747627	6	3012	108
5,3	3530	852025	8,6	1636	761859	1,9	2264	68
	<b>16538</b>			<b>6961</b>				

r stærð	
Þar af	Gjaldþörf
vextir	mkr á milljarð
79	-12
69	-11
92	-26
61	47
49	19

## Hvað kostar að viðhalda hlutfallslegri stærð TIF?

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur ávöxtun eigna TIF undanfarin fimm ár nálgast það að viðhalda hlutfallslegri stærð TIF miðað við tryggðar innstæður. Þar munar þó miklu milli ára.

Á síðustu fimm árum virðist árleg meðalgjaldþörf til að viðhalda óbreyttu hlutfalli tryggingarsjóðs af tryggðum innstæðum þannig hafa verið um 4 milljónir á hvern milljarð (0,4%). Sé hins vegar aðeins horft til síðust tveggja ára virðistst árlegurkostnaður hafa verið um 33 milljónir á hvern milljarð (3,3%). Kostnaðurinn ræðst að mestu af hve hratt sjóðurinn stækkar hlutfallslega og af ávöxtun eigna sjóðsins.

Erfitt er að meta þróun hlutfallslegrar stærðar sjóðsins á komandi árum en ætla má að vextir fari lækkandi og einnig hækkar fjármagnskostnaður um 10%. Því má ætla að til framtíðar verði munur á mögulegri ávöxtun og hlutfallslegum vexti tryggðra innstæðna fremur 3% en 1%. Þá yrði árlegur kostnaður við að viðhalda hlutfallslegri stærð nálægt: 3% af 38 milljörðum (sem eru 4,6% af tryggðum innstæðum m.v. 100.000 evrur) eða 1140 milljónir + fjármagnstekjuskattur 330 mkr + áætl rekstrarkostn. TIF 100 mkr eða 1570 mkr. Miðað við þær forsendur kostar um 40 mkr að viðhalda hverjum milljarði af eignum TIF eigi að halda hlutfallslegri stærð.

Sé horft til fyrirbyggjandi lagafrumvarps sem hefur það að markmiði að viðhalda hlutfallslegri stærð TIF virðast forsendur frumvarpshöfunda eftirfarandi miðað við fyrirbyggjandi gögn.

Lækkun iðgjalda úr 0,225% í 0,16% svara til að iðgjöldin verið 71% af fyrri iðgjöldum. Heildariðgjöld 2018 voru 3530 mkr og ættu því eftir breytingu að verða 2506 mkr.

Samkvæmt útreikningum frumvarpshöfunda kostar því fjármálafyrirtæki og viðskiptavinum þeirra um 66 milljónir að viðhalda hlutfallslega hverjum milljarði af eignum TIF.

Ráðgjafarfyrirtækið ALM sem falið var að leggja hlutlaust mat á stærð TIF taldi að hæfileg stærð væri um 15 milljarðar.

Væri farið að þeirri ráðgjöf mætti spara þjóðarþúinu árlega um **920 milljónir** miðað við forsendur um 3% mun ávöxtunar og þróunar TIF en **1518 milljónir** miðað við forsendur frumvarpshöfunda.